

## 61. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 04.02 2014, kl.13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir Jóhann Fr. Þórhallsson, Lárus Heiðarson og Þorvarður Ingimarsson

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Endurskoðun aðalskipulags Fljótshrepps
  - a) Bréf Skipulagsstofnunar dags. 08.01 2014
  - b) Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 13.01 2014
  - c) Viðbótarsamningur við Landmótun
3. Drög að samþykkt fyrir bygginga-og skipulagsnefnd Fljótshrepps
4. Styrkvegaf framkvæmdir 2014
5. Skólamál  
Umsögn starfsfólks Hallormsstaðaskóla um greinagerð starfshóps.
6. Kröflulína 3, fulltrúar Landsnets mæta á fundinn
7. Bréf
  - a) Skipulagsstofnun dags. 20.01 2014
  - b) Fljótshérað, tölvupóstur 14.01 2014
  - c) Innanríkisráðuneytið dags. 15.01 2014
  - d) Fljótshérað dags. 10.01 2014
  - e) Seyðisfjarðarkaupstaður 19.12 2013
  - f) Sr.Lára G. Oddsóttir 29.01 2014
8. Fjárbætur
  - a) Austurbrú, snjallleiðsögn Pocetguide
  - b) SAMAN-hópurinn
  - c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga
9. Fundargerðir
  - a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 16.01
  - b) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 17.01
  - c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 6.2-4.10-23.10-21.11-09.12 2013, aðalf. 21.11 2013 og 6.01 2014
  - d) Samtök orkusveitarfélaga 09.12
  - e) HAUST 15.01
  - f) Upphéraðsklasinn 29.01
  - g) ÆSA-klasinn 29.01
10. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita. Um síðustu áramót urðu breytingar á gjaldskrá og reglum Félagsþjónustu Fljótshéraðs (sem Fljótshreppur er aðili að) varðandi stuðningsfjölskyldur, ferðapjónustu og grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar.

Stjórn Skógarorku fundaði með fulltrúum Skógræktar ríkisins 13.01, til umræðu voru málefni kyndistöðvar á Hallormsstað.

Oddviti var í Reykjavík dagana 21.-22. janúar og átti fundi með lögmanni sveitarfélagsins og Skipulagsstofnun og skipulagsráðgjöfum um tillögu að aðalskipulagi Fljótshrepps 2014-2030.

Oddviti og varaoddviti sátu kynningarfund á Egilsstöðum 28.01, um umhverfisrannsóknir og mótvægisgerðir vegna reksturs Fljótshéraðs. Á fundinum kom m.a. fram að Kárahnjúkavirkjun framleiðir 40% af orkuvinnslu Landsvirkjunar og um 15% meira vatn fer um Lagarfoss, en gert var ráð fyrir í áætlunum.

Þá sat oddviti sem fulltrúi Fljótsdalshrepps aðalfund Húsfélags Miðvangs 6.

Lárus sat fyrir hönd sveitarfélagsins kynningarfund um EBÍ Brunabót 24.01, fundurinn var haldinn á Egilsstöðum.

Innanríkisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga standa að tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar og hvetja sveitarfélög sem áhuga hafa á að taka þátt í verkefninu að gefa sig fram.

Boðað var til aukaaðalfundar Héraðsskjalasafns Austfirðinga 30.01. Fundarefni voru hugmyndir um breytt eignarhald á Safnahúsi. Fulltrúi Fljótsdalshrepps, Sigmar Ingason forfallaðist á síðustu stundu og var Birni Ingimarssyni bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs falið að fara með umboð og atkvæði Fljótsdalshrepps á fundinum.

ASÍ skorar á sveitarfélög hækka ekki gjaldskrár sínar og stuðla þannig að stöðuleika og auknum kaupmætti í þjóðfélaginu. Ekki eru fyrirhugaðar hækkanir á gjaldskrár í Fljótsdalshreppi.

RHA (Rannsókn- og Þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri) vekur athygli sveitarfélaga á þeirri þjónustu sem RHA veitir.

Sveinn Þórarinsson verkfræðingur og byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps, hefur verið tilkynntur inn til Skipulagsstofnunar sem skipulagsfræðingur sveitarfélagsins.

Landsvirkjun hefur gefið út skýrsluna LV-2013-127 Hreindýratalningar norðan Vatnajökuls.

Skipulagsstofnun hefur gefið út upplýsingarbækling um skipulagsmál „Skipulag byggðar og mótun umhverfis-hvernig getur þú haft áhrif?“,

## 2. Endurskoðun aðalskipulags Fljótsdalshrepps

- a) Bréf Skipulagsstofnunar dags. 08.01 2014. Tilkynning um tafir á umsögn Skipulagsstofnunar
- b) Umsögn Skipulagsstofnunar dags. 13.01 2014. Skipulagsstofnun gerir nokkrar athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030. Ekki er fallist á að ný mörk náttúruminjasvæðis 618 verði sýnd á korti aðalskipulags, þar sem ráðherrastaðfesting um minnkun svæðisins liggur ekki fyrir. Skipulagsstofnun bendir á að ef mörkun svæðisins verði breytt í Náttúruminjaskrá kalli það ekki á breytingu á aðalskipulagi. Önnur athugasemd snýr að framsetningu skipulagskorts og telur stofnunin að aðeins eigi að nota mælikvarðann (1:75.000) á svæðum þar sem um einsleita starfsemi sé að ræða, það eigi ekki við í tilviki Fljótsdalshrepps. Þá leggur Skipulagsstofnun til að framsetning umhverfisskýrslu verði breytt og snúið frá almennri umfjöllun yfir í að fjalla um þá helstu þætti sem líklegir eru til að hafa veruleg áhrif á einn eða fleiri umhverfisþætti. Aðrar athugasemdir og ábendingar eru minniháttar.

Í framhaldi af bréfi Skipulagsstofnunar funduðu oddviti og skipulagsráðgjafi með fulltrúum Skipulagsstofnunar þar sem farið var yfir athugasemdir stofnunarinnar og hvernig brugðist verði við þeim.

Aðalskipulagskort verður sett fram í tveimur hlutum í stærri mælikvörðum en áður var notast við. Náttúruminjasvæði 618 (Ranaskógur og Gilsárgil) verður sýnt óbreytt á aðalskipulagskortinu, en í greinagerð með skipulagstillögunni verður gerð grein fyrir því að unnið sé að minnkun svæðisins og ný mörk sýnd á skýringarmynd. Umhverfisskýrslu verður breytt í þá veru sem Skipulagsstofnun leggur til og brugðist við öðrum ábendingum með textabreytingu eða því sem við á hverju sinni.

Farið var yfir breytingar á tillögu að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, kort, greinagerð og umhverfisskýrslu. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna svo breytta og að hún verði send til umsagna til opinberra stofnanna og stjórnvalda sem sinna lögbundnum verkefnum

á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Listi viðkomandi aðila liggur fyrir unninn af Landmótun. Gefinn verði 3ja vikna umsagnafrestur og þá gert ráð fyrir að skipulagstillagan verði tilbúin í almenna auglýsingu í marsmánuði.

- c) Viðbótarsamningur við Landmótun. Vinna Landmótunar vegna endurskoðunar aðalskipulags Fljótsdalshrepps er komin fram yfir uppsettan tíma-og kostnaðarramma. Helstu ástæður þess er að ný skipulagsreglugerð tók ekki gildi fyrr en nokkuð var liðið á vinnuferilinn og þurfti að þeim sökum að endurvinna hluta gagna, auk þess sem fleiri þemakort hafa verið unnin en gert var ráð fyrir. Vinna við kortagögn vegna náttúruminjasvæðis 618 var utan samnings og hefur verið gert upp vegna þeirrar vinnu. Oddviti lagði fram drög að viðbótarsamningi við Landmótun að upphæð kr. 977.500, - án vsk, samningurinn innfelur þá vinnu sem eftir er, þar til skipulag tekur gildi. Sveitarstjórn samþykkir samninginn.

3. **Drög að samþykkt fyrir bygginga-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps.** Drögin kynnt og þeim vísað til annarrar umræðu. Jón Jónsson lögmaður hefur verið til aðstoðar við gerð samþykktarinnar.

4. **Styrkvegaf framkvæmdir 2014.** Samþykkt að sækja um styrk úr styrkvegastjóði til endurbóta á slóða inn Gilsárdal og lagfæringa á vegi frá Egilsstöðum í Kleif.

## 5. Skólamál

Umsögn starfsfólks Hallormsstaðaskóla um greinagerð og tillögur um framtíðarhorfur og valkosti varðandi skólalagd á Hallormsstað, kynnt og rædd.

Þá liggja fyrir þær umsagnir sem sveitarstjórn óskaði eftir að kæmu fram varðandi tillögur starfshóps þ.e. umsagnir skólaráðs, foreldra og starfsfólks. Öllum hlutaðeigandi eru færðar þakkir fyrir umsagnir, sem verða hafðar til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við framtíðarskipulag skólastarfsins.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps fundaði með Bæjarráði Fljótsdalshéraðs um skólamálin 15. janúar. Þar var samþykkt tillaga um skipun vinnuhóps sem í sætu skólastjóri (sem stýri starfi hópsins) og aðstoðarskólastjóri Egilsstaðaskóla, starfandi skólastjóri Hallormsstaðaskóla og fræðslufulltrúi. Með hópnum starfi fasteigna-og þjónustufulltrúi eftir þörfum. Stefnt verði að því að hópurninn skili frumtillögum um miðjan febrúar og sveitarfélögin verði upplýst um framvindu vinnunnar jafnharðan og tillögur koma fram. Gert er ráð fyrir að með endurskipulagningu skólastarfsins lækki kostnaður við skólalagd, þótt þess sé vart að vænta á yfirstandandi ári.

Á fundi sveitarfélaganna var oddvita Fljótsdalshrepps og bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs falið að yfirfara gildandi skólasamning og koma með tillögur um breytingar ef þörf verður á.

6. **Kröflulína 3**, fulltrúar Landsnets, Ólafur Árnason frá Eflu og Þórarinn Bjarnason verkefnastjóri hjá Landsneti mættu til fundar kl. 16.00, en þeir höfðu óskað eftir að fá að eiga fund með sveitarstjórn þegar ljóst var að sveitarstjórn áformaði að fresta skipulagi í Fljótsdalshreppi á fyrirhugaðri lagnaleið Kröflulínu 3, í tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030.

Fljótsdalshreppur hefur gert formlegar athugasemdir við tillögu Landsnets að matslýsingu Kröflulínu 3 og lýst sig andsnúna því að lögð verði ný loftlína fram af og niður Valþjófsstaðafjall. Sveitarstjórn hefur hvatt Landsnet til að leita annarra lausna en lagningar loftlínu. Umhverfismat fyrir framkvæmdinni er í vinnslu, en í kærufarli þar sem Landsnet vill að hluti athugasemda Skipulagsstofnunar við tillögu að umhverfismati verði felldar úr gildi. Sveitarstjórn hefur óskað eftir við Landsnet að þeir haldi íbúafund í Fljótsdalshreppi og kynni íbúum fyrirætlan um lagningu Kröflulínu 3.

Fulltrúar Landsnets kynntu áform fyrirtækisins um lagningu Kröflulínu 3 frá Kröflu í Fljótsdalsstöð. Áætlað er að lögð verði 220 kV loftlína sem að mestu fylgi Kröflulínu 2 (132 kV). Tilgangur með framkvæmdinni væri að tryggja stöðuleika raforkuferfisins á Norður –og

Austurlandi með betri samtengingu virkjanasvæða þessara landshluta og auka jafnframt flutningsgetu, öryggi flutningskerfisins og gæði raforku. Fram kom að vegna kostnaðar við að leggja jarðstrengi í stað loflína væru viðmið fyrirtækisins þau að við lagningu 66 kV lína verði kostir metnir að jöfnu, við lagningu 132 kV lína verði línur almennt í lofti, en til skoðunar við sérstakar aðstæður og sem mótvægisáðgerðir. Flutningskerfi 220 kV verði í lofti nema í algerum undantekningartilfellum. Við flutning á 440 kV spennu séu jarðstrengir ekki raunhæfur kostur. Ólafur sýndi glærur með myndum af lagningu jarðstrengja og myndir þar sem gerð var tilraun til að sýna sjónræn áhrif af nýrri loftlínu í Valþjófsstaðafjalli. Milli línanna þarf að vera að lámarki 50 m bil.

Í umræðum kom fram að andstaða við lagningu loftlína í Valþjófsstaðafjalli er ekki nýtilkomin, og að þau sjónarmið hefðu áður komið fram bæði þegar lagning Fljótsdalslína 3 og 4 var í undirbúningi og eins þegar Byggðalína/Kröflulína 2 var flutt. Flutningur Byggðalínu (árið 2005) var mótvægisáðgerð sem sett var sem skilyrði ráðherra þegar framkvæmdir við Fljótsdalslínu 3 og 4 voru leyfðar og var tilgangur mótvægisáðgerðanna að fækka með því loftlínum í dalnum. Sömuleiðis var skilyrt að frá Fljótsdalsstöð í tengivirki við Brattagerði yrði Byggðalína lögð í jarðstreng (hann er 132 kV). Við lagningu Byggðalínu inn Fljótsdalsheiði var á talsverðum kafla leiðarinnar skipt um mastursgerð og sett stálmöstur í stað trémastra, stálmöstur eru ofan og í Valþjófsstaðafjalli, bæði stöguð möstur og fjórfótungar. Aðspurðir sögðu fulltrúar Landsnets að sá kafla gæti án breytinga borið 220 kV og sú flutningsgeta gæti væntanlega annað aukinni orkupörf í fyrirsjáanlegri framtíð. Tvöföldun línunnar væri ekki síður öryggisatriði en þörf vegna aukinnar flutningsgetu. Minnst var á snjóflóðahættu sem greind var af Veðurstofu Íslands í Valþjófsstaðafjalli og Landsnet mætti með því að byggja öflugan snjóflóðavarnir við tengivirki sitt við Fljótsdalsstöð. Möstur í fjallinu eru óvarin fyrir flóðum. Lagning jarðstrengs niður fjallið sýnist Landsnetsmönnum krefjandi verkefni, sökum bratta og ef valin yrði önnur leið lengdi það lagnaleið og yki kostnað. Við lagningu jarðstrengs sögðu þeir, að væru einnig neikvæð umhverfisáhrif. Áform Landsnets eru að framkvæmd verði að veruleika á árinu 2016, þ.e. leiðin frá Kröflu í Fljótsdal. Nefnt var hvort nokkur þörf væri á að leggja nýja 220 kV línu niður Valþjófsstaðafjall, þar sem lína sem fyrir er gæti flutt 220 kV og það talin nægjanleg flutningsgeta, sem svar við því vísuðu fulltrúar Landsnets aftur til þess öryggis sem tvöföldun línu gæfi. Einnig var minnst á að ef jarðstrengur yrði fyrir valinu niður Valþjófsstaðafjall hvort þá væri ekki nægjanlegt að hann væri að hámarki 132 kV, með vísan í hægt væri að spennuhækka loftlínu sem fyrir er úr 132 kV í 220 kV.

Landsnet fær á næstu dögum til umsagnar tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og hefur þar færi á að koma að athugasemdum sínum.

Fulltrúum Landsnets þökkun og yfirlit þeir fund um kl. 18.00

*Þorvarður yfirgaf fundinn kl. 17:45. Lárus tók við ritun fundargerðar*

## 7. Bréf

- a) Skipulagsstofnun dags. 20.01 2014. Boð um þáttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2026. Kynnt og boð ekki þegið.
- b) Fljótsdalshérað, tölvupóstur 14.01 2014. Óskað er umsagnar Fljótsdalshrepps vegna tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Breytingin felst í því að Kröflulínu 3 er bætt inn á skipulag. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs, en vill benda á að í tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 sem unnin hefur verið, er skipulagi frestað á því svæði í Fljótsdalshreppi sem fyrirhugaðri Kröflulínu 3 er ætlað að liggja um.
- c) Innanríkisráðuneytið dags. 15.01 2014. Varðar skil á viðaukum við fjárhagsáætlun sveitarfélaga til innanríkisráðuneytis. Kynnt.
- d) Fljótsdalshérað dags. 10.01 2014. Varðar náttúruminjasvæði 618 (Ranaskógur, Gilsárgil). Kynnt.

- e) Seyðisfjarðarkaupstaður 19.12 2013. Þakkir fyrir veittan stuðning varðandi ferjusiglingar á Seyðisfjörð. Kynnt.
- f) Sr.Lára G. Oddsdóttir 29.01 2014. Varðar ritun Valþjófsstaðar með r endingu eða án. Gerðar eru athugasemdir við ritun staðarnafnsins í ritinu Mannvistarminjar í Fljótsdal eftir Helga Hallgrímsson, en bréfitari segir þar farið rangt með ritun heitisins og vill að það verði lagfært. Athugasemdum bréfitara verður komið á framfæri.

## 8. Fjárbeiðnir

- a) Austurbrú, snjallleiðsögn Pocetguide . Samþykkt að Fljótsdalshreppur taki þátt í nýju app verkefni á vegum Austurbrúar/sveitarfélaga á Austurlandi. Kostnaður við að taka þátt er um 127.000 kr. auk kostnaðar við að taka saman efni úr sveitarfélaginu.
- b) SAMAN-hópurinn. Hafnað.
- c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Varðar styrkumsókn vegna ljósmyndaverkefnis. Samþykkt að styrkja verkefnið um 100.000 kr.

*Gunnþórunn lýsti sig vanhæfa og vék af fundi við afgreiðslu c) liðar.*

## 9. Fundargerðir

- a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 16.01. Kynnt.
- b) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 17.01. Vatnajökulsþjóðgarður gerir ráð fyrir sama fjölda í landvarðavikum og á síðasta ári. Kynnt.
- c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 6.2-4.10-23.10-21.11-09.12 2013, aðalf. 21.11 2013 og 6.01 2014. Kynntar.
- d) Samtök orkusveitarfélaga 09.12. Kynnt.
- e) HAUST 15.01. Kynnt.
- f) Upphéraðsklasinn 29.01. Kynnt.
- g) ÆSA-klasinn 29.01. Kynnt.

## 10. Önnur mál.

Erindi frá formanni Ferðaklúbbsins 4X4 Austurlandsdeildar, um tilraunaverkefni með sólarcellur í Fjallaskarðsskála. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:15

Þorvarður og Lárus rituðu fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)